

53. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn miðvikudaginn 11. nóvember 2015

Fundargerð

Fundurinn haldinn í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum kl. 14:00

Mættir stjórnarmenn: Gunnar Jónsson (GJ) - varmaður, Sveinn Jónsson (SJ), Adolf Guðmundsson (AG) - varamaður, Gauti Jóhannesson (GJ)

Fjarverandi voru sem afboðuðu sig: Sigrún Blöndal, Berglind Häsler, Sigrún Birna Björnsdóttir og Sæunn Stefánsdóttir.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Greinargerðir til menntamálaráðherra
3. Framlög til atvinnuþróunar og markaðsmála
4. Samráðsvettvangar Austurbrúar
 - a. Fundur þekkingarsetra á Selfossi
 - b. Fundur atvinnuþróunarfélaga í Reykjanesbæ
 - c. Fundur Kvasis í Neskaupstað
5. Fundaáætlun stjórnar
6. Frumkvöðlasetur Hugvangur
7. Önnur mál

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1) Samþykkt síðustu fundargerðar

Samþykkt fundargerð 52. stjórnarfundar. AG leggur til að tekin verði upp rafræn undirritun fundargerða. JÁÐ falið að skoða með hvaða hætti sé best að standa að slíku og hvort samþykktir heimili það.

2) Greinargerðir til menntamálaráðherra

JÁÐ fór yfir greinargerðir sem unnar hafa verið fyrir menntamálaráðuneytið og menntamálaráðherra er varðar fjármögnun háskólaþjónustu og framhaldsfræðslu á Auturlandi. Greinargerðum og minnisblöðum hefur verið fylgt eftir inn í ráðuneyti og gagnvart öllum þingmönnum kjördæmisins. Einnig hefur SSA fengið upplýsingarnar til að til að fylgja eftir á fundum sínum í framhaldinu með ráðherra menntamála.

3) Framlög til atvinnuþróunar og markaðsmála

JÁÐ fór yfir minnisblöð er varðar framlög til atvinnuþróunar og markaðsmála. Er minnisblaðið sett fram sem lið í að skoða betur fjármögnun þessara verkefna.

4) Samráðsvettvangar Austurbrúar

JÁÐ fór yfir þá samráðsvettvanga sem Austurbrú er þátttakandi í gagnvart þeim málaflokkum sem eru innan stofnunarinnar. Reglulegir fundir eru á þessum vettvöngum sem ná yfir stofnanir sem starfa í málflokkunum á landsvísu. Mismunandi er hvaða málefni eru efst á baugi á hverjum vettvangi en allir fjalla þeir að einhverju leiti um samskipti ríkis við stofnanir sem vinna að þróun íbúa, atvinnulífs eða byggða á landsbyggðunum.

JÁÐ fór sérstaklega yfir fund þekkingarsetra á Selfossi, fund atvinnuþróunarfélaga í Reykjanesbæ og fund Kvasis í Neskaupstað.

5) Fundaáætlun stjórnar

GJ fór yfir fundaáætlun stjórnar fram á næsta vor. AG mælti með því að varamenn væru inn í öllum fundarboðum þannig að fundardagar væru ljósir ef boða þyrfti varamenn á fundi. JÁÐ falið að setja upp fundarboð í outlook út fundaáætlunina.

6) Frumkvöðlasetur Hugvangur

JÁÐ fór yfir vinnuna sem átt hefði sér stað í Hugvangi. Nú væri komin reynsla á verkefnið og það hefði að mörgu leiti gengið vel. Fyrir fundinum liggja drög að samningi og felur stjórn JÁÐ að ræða við samningsaðila um áframhald á samningnum í samræmi við umræðuna á fundinum.

7) Önnur mál

a. Fundur með sveitarstjórum

GJ fór yfir samþykktir aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi frá byrjun október s.l. hvað varðar fjármálaleg samskipti Austurbrúar og SSA. Fundað var með oddvitum og sveitarstjórum aðildarsveitarfélaga þar sem málin voru rædd. Umræðum vísað til fundar með sveitarstjórum framkvæmdastjóra og formanni stjórnar Austurbrúar sem boðað var til 11. nóvember en felldur niður og stefnt að miðvikudaginn 18. nóvember.

b. Framhaldsársfundur

JÁÐ og GJ falið að skoða með hvaða hætti ætti að standa að framhaldsársfundi. Boðað verður til aukastjórnarfundar utan fundaskipulags til að fjalla um það sérstaklega þegar frekari upplýsingar liggja fyrir og að afloknum fundi með sveitastjórum

c. Tekjuumhverfið

JÁÐ fór yfir nauðsyn þess að rýna enn frekar tekjuumhverfi Austurbrúar. Nauðsynlegt er að fjármagna með sterkari hætti þau verkefni sem eru innan stofnunarinnar og finna leiðir til að auka þátttöku í verkefnum. Töluverð umræða um hinar ýmsu útfærslur og aðkomu mismunandi aðila að verkefnum. Stjórn felur GJ og JÁÐ að ræða þetta nánar m.a. á fundi sveitastjóra.

d. Jólagjafir starfsmanna

JÁÐ falið að útfæra hugmyndir á grundvelli þess sem rætt var á fundinum.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 16:10

Gunnar Jónsson

Adolf Guðmundsson

Sveinn Jónsson

Gauti Jóhannesson